

## Minnisblað lagt fyrir fjölskylduráð Hafnarfjarðar þann 23/2 2018

### Verkefnið

Samstarfsverkefni LRH við Kópavogsbæ, Hafnarfjörð og Garðabæ um átak gegn heimilisofbeldi hefur það markmið að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilis-ofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi íbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Vinnulag hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar er á þann veg að tilkynning vegna heimilisofbeldis berst annað hvort í gegnum bakvakt höfuðborgarsvæðisins eða sem tilkynning til barnaverndar frá öðrum svo sem stofnunum, sérfræðingum eða þolendum sjálfum.

Deildarstjóri barnaverndar heldur utan um þau mál sem berast og ef málin eru ekki þegar í vinnslu barnaverndar vegna fyrri afskipta, er þeim vísað til heimilisofbeldisteymis til umfjöllunar og vinnslu.

Heimilisofbeldisteymið samanstendur af tveimur félagsráðgjöfum og sálfræðingi fjölskylduþjónustunnar. Teymið fundar tvisvar í viku til að fara yfir vinnslu þeirra mála sem eru í vinnslu ásamt því sem nýjar tilvísanir eru teknar fyrir og ákvarðað um hvaða aðgerða sé þörf. Vinnulag teymisins er á þá vegu að félagsráðgjafar taka viðtal við þolendur og gerendur og sálfræðingur teymisins tekur viðtöl við börn sem urðu mögulega vitni að því sem fram fór. Markmið viðtala er að fá skýra mynd af því hvaða þjónustu þörf er á. Ef þörf er á þá vísar teymið þolendum og gerendum í frekari meðferð hjá meðferðaraðilum sbr. sálfræðingum, listmeðferðarfræðingum og félagsráðgjöfum ásamt sérhæfðum meðferðarúrræðum sbr. áfengis og vímuefna meðferð, Kvennaathvarfið, Bjarkarhlíð og Heimilisfrið. Í þeim málum sem börn eru ekki skráð á heimili þá kemur stafsmaður úr ráðgjafateymi að vinnslu þeirra mála.

Markmið viðtala við börn er að fá skýra mynd að því sem barnið upplifði, veita foreldrum ráðgjöf, ræða við barnið og meta þörf þess á meðferð sbr frekari sálfræðimeðferð og listmeðferð.

### Tölfræði

Heildarfjöldi barnaverndarmála sem bárust á árinu 2017 voru **1118** og af þeim voru **199** mál sem skráð voru vegna heimilisofbeldis eða **17,8%** mála.

Af bakvakt 2017 bárust í heildina **153** mál til barnaverndar og af þeim voru **59** mál vegna heimilisofbeldis eða **39%** mála sem bakvakt höfuðborgarsvæðisins sinnti.

Starfsmenn heimilisofbeldisteymisins tóku **53** viðtöl við fullorðna á árinu og af þeim var **13** einstaklingum vísað til meðferðar. Tekin voru **21** viðtal við barn og af þeim var **4** börnum vísað til frekari meðferðar.

### Mat starfsmanna

Það er mat starfsmanna að vel hafi til tekist í Hafnarfirði og að það vinnulag sem við líði er henti vel. Betur má þó ef duga skal. Eitt af því sem skýrsla RIKK tíundaði var að það mætti bæta eftirfylgd og er því eitt af því sem starfsmenn heimilisofbeldisteymisins hafa skoðað fyrir vinnslu mála 2018 er að hafa samband við þolendur 1-2 mánuðum eftir að við ljúkum aðkomu okkar að málum og heyra hvernig viðkomandi fjölskyldu gengur.

Haukur Haraldsson, sálfræðingur fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar